



4. stjórnarfundur LH

Haldinn 16. janúar 2017 kl. 15:00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga B. Helgadóttir ritari, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea M. Þorvaldsdóttir og Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn og Magnús Benediktsson, Rúnar Bragason, Stefán G. Ármannsson, Sóley Margeirsdóttir, Ingimar Ingimarsson úr varastjórn
Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason úr aðalstjórn og Sóley tekur því sæti hans á fundinum
Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir starfsmenn LH

1. **Fundargerð 3. fundar lögð fram**

Samþykkt.

2. **Starfsmenn LH**

Þórdís og Hilda fóru yfir starfslýsingar sem eru í vinnslu (Lárus og starfsmenn). Einnig komu þær fram með tillögur að bættum samskiptum og verkferlum.

3. **Fundaplan 2017**

Fundaplanið er samþykkt og unnið verður eftir því. Koma þarf starfsmönnum skrifstofu inn í Skype buisness sem fyrst (Eyþór), til að geta notað það til símafunda.

4. **Leiðtoganámskeið - erindi**

Ásta Marý Stefánsdóttir og Hafdís Arna Sigurðardóttir sendu inn erindi til stjórnar þar sem skýrt var frá FEIF leiðtoganámskeiði sem þær fóru á í Svíþjóð. Þær sóttu jafnframt um styrk að upphæð 62.000 krónur hvor vegna námskeiðsins og telja upp kosti þess að mennta unga leiðtoga innan hestamennskunnar. Samþykkt var að styrkja hvora þeirra um 35.000 krónur og að þær komi til funda við mennta- og æskulýðsnefnd LH og skýri frá námskeiðinu og þeirra framtíðarstarfi og -sýn innan LH.

5. **Verkefnalisti**

Þrískiptur: verkefnalisti, mánaðarplan og minnisþing. Settar inn allar samþykktir stjórnar og farið yfir stöðuna á hverjum stjórnarfundum. Uppfært skjal verður sent á stjórnarmenn eftir hvern fund. Samþykkt að HBH og HKG myndu taka ábyrgð á þessu.

6. **LM samningur við Rangárbakka**

Samningurinn er byggður á sama módeli og Fákssamningurinn. LÁH og JDB hafa fundað með Rangárbakkafólki og unnið að samningi.

7. **Boð um þátttöku í reiðhallarsýningu í Rangárhöll**

Samþykkt að taka ákvörðun á næsta fundi stjórnar, þann 6. febrúar.

8. **FEIF þing**

Fá fund með fulltrúum Íslands sem fara á FEIF þingið í Helsinki. Boða einnig Gunnar Sturluson og



stjórn LH. Ath mánudaginn 23.jan eða föstudaginn 27.jan.

9. Uppgjör Skógarhóla

Innkoma um 3 milljónir. Staðarhaldarar fá um 1350 þúsund í sinn hlut, fengu helming fyrir utan kostnað við hey. Fengu einnig greitt fyrir viðhaldsvinnu, kostnaður við málningu og þ.h. Endar 500 þúsund í plús. Fá tilboð í bókunarsíðu, ath Stefnu sem sér um LH vefinn (Hilda).

10. Skipun í nefndir, starfslýsingar, skipunarbréf

Nefndarfólk hefur fengið skipunarbréf sín, nefndarfundur haldinn fyrir allar nefndir að kvöldi 16. janúar. Á fundinum mun nefndarfólk fara yfir þær reglugerðir og starfslýsingar sem eru til og fara yfir hvort gera þarf breytingar á þeim. Stjórnin skipaði millipínganefnd samkvæmt samþykktum frá landsþingi. Í henni skulu sitja einn úr stjórn LH, einn úr keppnisnefnd og einn úr nýskipaðri laganefnd LH.

11. Framlag til afrekshóps

JDB, LÁH og HBH funduðu með umsjónarmanni afrekshóps, Páli Braga. Það var góður fundur, farið vel yfir starfið. Samþykkt var að fjárveiting til verkefnisins yrði 800.000 krónur á árinu 2017.

12. Styrktaraðilar

Landsliðsnefnd er í mikilli vinnutörn núna við að ná samningum við nýja styrktaraðila. Gott hljóð í nefndarmönnum.

13. FITE – Trec

Góð umræða um Trec keppnina og framtíð hennar. Ákveðið var að Þórdís starfsmaður LH myndi taka saman nánari upplýsingar um málið og kynnti þær síðan á næsta stjórnarfundum.

14. Styrkveiting úr afrekssjóði ÍSÍ

LH fær 2,2 milljónir úr afrekssjóði ÍSÍ. Eigum að láta vita að við séum ekki sátt við þessa úthlutun. Samþykkt að skoða úthlutunarreglur og LÁH hefur samband við forseta ÍSÍ.

15. Starfsmenn LH

Umræða stjórnarmanna um lið 3 hér á undan - Farið var yfir ráðningasamninga og starfslýsingar starfsmanna. Ákveðið að ganga frá ráðningasamningum eins og kjarasamningar segja til um og útbúa nýjar starfslýsingar (HBH).

16. Önnur mál

- a. **Markaðssverkefnið Horses of Iceland** - er í góðum gír (JDB). Verkefnastjóri verkefnisins hjá Íslandsstofu fer á FEIF þingið í Helsinki til að segja frá og kynna. Sömuleiðis fer hann á Equitana alþjóðlegu hestasýninguna í Essen í Þýskalandi.
- b. **Fundaplan (LÁH)** – vorferð LH á föstudegi eða laugardegi. Stjórnarmenn skoði dagsetningar í kringum 6. júní fundinn. Ferðanefnd stjórnar kemur með tillögu að vorferð/vorfundi.



- c. **Bréf frá Sigurbirni Bárðarsyni** – Málið var tekið fyrir á landsþingi LH í október. Þingið samþykkti að málið yrði sett í milliþinganefnd sem mun skila tillögu fyrir formannafundinn haustið 2017.
- d. **Uppskeruhátíð (ATH)**– setja í gang nefnd; einn úr FHB, LH og einn starfsmaður.
- e. **Tollar á reiðhjálum (HBH, ATH)** – Komið hefur í ljós að ekki eru tollar á reiðhjálum við innflutning til landsins. Það virðist því vera að innkaupsverð þeirra sé frekar hátt, t.d. miðað við reiðhjólahljálma.
- f. **Rekstrarsamningar vegna reiðhúsa (ATH)** – fá samninga frá formönnum til að samræma. Sum félög þurfa að greiða fasteignaskatta en samkvæmt lögum bera íþróttahús ekki fasteignaskatta.
- g. **Bréf frá Léttisfélögum vegna reksturs hrossa í þéttbýli** – Stjórn LH þakkar erindið en bendir á og hvetur Léttisfélagi til að finna lausn og sátt í þessu máli.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:15.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir*